



Stjórnarfundur AKÍS -

Staður og tími: Google Hangouts - 24.4.2018 kl. 18:00

Mætt:

Torfi Arnarson (TA), Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Jón Bjarni Jónsson (JBJ), Tryggvi Magnús Þórðarson (TMP), Þrándur Arnþórsson (ÞA), Ragnar Róbertsson (RR), Arnar Már Pálmarsson (AMP), Sigurður Gunnar Sigurðsson (SGS), Stefán Örn Steinþórsson (SÖS), Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS)

Fjarverandi:

Garðar Gunnarsson (GG)

ÞA ritaði fundargerð.

1. FIA European Executive Meeting

Framkvæmdastjóri segir frá því helsta sem rætt var.

- a. **FIA mál** - Rætt um að FIA setji línu vegna áfengisprófana eftir að áfengi var tekið út af lista WADA yfir bönnuð efni.
Kærugjald rennur ávallt til sérsambands.
Heimsráð akstursípróttu (WMSC) fundaði 6. desember 2017 og 9. mars 2018.
Kynntar hugmyndir um leiðbeinandi ramma sem FIA ætlar að setja um svæði (zones) - Viðauki Z.
Mikilvægt er að svæði verði ekki sjálfstæður aðili.
Ráðstefna akstursípróttu og svæðisráðstefna CEZ verður í Slóveníu 13.15. Desember 2018.
- b. **Keppnisskírteini** - Farið yfir hvernig einstök lönd haga útgáfu skírteina, verð og tryggingar. AKÍS þarf að senda upplýsingar.
Ræddir möguleikar á miðlægum grunni FIA yfir keppendur og sérstaklega þá sem hafa verið sviptir skírteini.
Kynnt vefnámskeið sem er með prófi fyrir keppendur.
- c. **Bensíntankar í keppnisbifreiðum** - FIA vill innleiða reglur um vottaða bensíntanka í keppnistækjum hjá aðildarlöndum. Flest lönd Evrópu vilja fara hægar í sakirnar.
Stjórn AKÍS ákvað að fylgja þróun þessara mála í takt við nágrannabjórðir.
- d. **Alþjóðlegar keppnir FIA** - FIA kynnti nýja verðskrá sem á að vera einfaldari í útfærslu heldur en núverandi kerfi.
Rætt hvernig erlendir keppendur skrái sig til keppni.
Rætt hvernig koma má í veg fyrir "sjóræningjamótaraðir" sem er stillt upp aðeins til hliðar við reglur FIA um formlegar mótaraðir.
- e. **Rally** - Kynntur öryggisbúnaður sem byggir á GPS tækni ("rally safe") sem gefur stjórnendum merki um slys og sendir merki á aðra keppendur.
- f. **Vottun öryggisbúra** - Rætt hvernig einstök lönd votta öryggisbúr og hvernig reynt er að falska skírteini um öryggisbúr.
- g. **Næsti fundur** - Verður sennilega 25. október í Riga, Lettlandi um leið og NEZ haustfundurinn.

2. Niðurröðun í keppnisráð

Gengið frá niðurröðun í keppnisráð sem birt mun síðar í vikunni.



3. Skyndihjálparnámskeið

AKÍS óski eftir upplýsingum um hugsanlega tímasetningu, lengd námskeiðs og verð í námskeið sem kom frá Flugbjörgunarsveitinni Hellu. Hugmyndin er að halda námskeið með æfingum við að bjarga úr bílflökum eins og til dæmis torfærubílum, bregðast við bruna og blæðingum og fleira.

4. FIA helgi sjálfboðaliða

FIA ætlar að halda hátíðlega helgi sjálfboðaliða 18. - 20. maí 2018. Þá helgi er kvartmíla hjá KK og drift hjá AÍH.

Ýmsar hugmyndir ræddar og verður unnið áfram með þær innan stjórnar.

5. Keppni í nákvæmnisakstri

Búið er að búa til leiðarlýsingu fyrir forkeppni sem tæki rúma þrjá tíma í keyrslu. Keppnin byrjar og endar í Laugardal.

Samþykkt að Stimpill taki að sér formlegt keppnishald.

6. Skrifstofa AKÍS

Loksins hefur vinnu verið lokið við smíðar og rafmagn í sameiginlegri skrifstofu AKÍS og MSÍ, þó enn vanti lokafrágang á málun og að bóna á gólfi. Um leið og rykrítt varð inni var settur upp fjarfundabúnaður á hjólum sem mun prófaður á næsta raunfundi.

7. Öryggi ljósmyndara

Rætt um myndband um öryggi ljósmyndara. AKÍS sendir tengil á myndbandið á félögin og myndatökufólk AKÍS þegar búið er að lagfæra það aðeins.

8. Önnur mál

Hvernig var samþykki á rallycross reglum háttað: Kynnt var á formannafundi að nýr flokkur yrði keyrður á næsta keppnistímabili. Þegar reglurnar komu síðan fram voru þær ekki bornar undir stjórn, sem hefði verið rétta leiðin. Unnið verður í verkferlum útgáfu reglna í sumar til að svona endurtaki sig ekki.

Veltibogar í dráttarvélum: Rætt um veltiboga á dráttarvélum vegna mögulegra keppna í traktorofæru.

Reglur í spyrnu: Gamlar reglur þarf að fella út og hlekkur er í eldri FIA reglur sem þarf að laga. Keppnisráð sendir leiðréttingar til samþykktar af stjórn AKÍS.

Brautarúttektir: Formaður hefur samband við formann Norska sambandsins um að fá úttektarmann hingað til lands sem fyrst.

9. Næsti fundur

Raunfundur 8. maí 2018 kl. 18:00.